

Ed.

28. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 106 23. júní 1936, um útsvör.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Með lögum nr. 74 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt, er svo ákveðið í 23. gr. nefndra laga, að með tilskipun megi breyta skipan niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík. Í þeim sömu lögum er ákveðið, að bæjarstjórar í kaupstöðum, þar sem þeir eru, skuli vera formenn skattanefnda. Í lögum um útsvör, nr. 46 15. júní 1926, er svo ákveðið í 17. gr., að formenn skattanefnda í kaupstöðum skuli vera formenn niðurjöfnunarnefndar, í Reykjavík skattstjóri, en sú skipan mun hafa komið á 1923 samkvæmt heimild í lögum frá 1921. Með breytingu á útsvarslögum 1936 eru þessi ákvæði óbreytt og hafa gilt fram á þennan dag. Með þessu er sannað, að sú stefna hefur haldizt á Alþingi um áratugi, að formenn skattanefnda skuli einnig vera formenn niðurjöfnunarnefnda, og í Reykjavík er skattstjóri með sama starfs-svið og formenn skattanefnda í öðrum kaupstöðum og því kjörinn formaður niðurjöfnunarnefndar í Reykjavík. Það hefur ávallt verið talið heppilegt fyrirkomulag, að embættismaður væri formaður niðurjöfnunarnefndar. Maður, sem væri óháður meirihlutavaldi bæjarstjórnar um kosningu sína og starf, og því að vænta, að meiri festa og samræmi skapist í útsvarsálagningunni. Þá er það ekki þýðingarminnst, að skattstjórinn er sá maður, sem gleggstan kunnugleika hefur á efnunum og ástæðum borgaranna, meðal annars sökum skattaframtalanna og náinnar viðkyrningar við skattborgarana út af kærnum og leiðréttingum á skattaframtölum. Undirritaður minni hluti er því mótfallinn þeirri stefnubreytingu, sem fram kemur í frumvarpinu, að bæjarstjórn kjósi alla niðurjöfnunarnefndina, 5 menn, og þar með að útiloka að miklu leyti þá þekkingu á högum manna, sem skattstjóri á hverjum tíma hlýtur að afla sér. Um leið er skapað meira flokkssjónarmið um ákvörðun útsvaranna, sem ekki eru með öllu óþekkt úr sögu Reykjavíkurbæjar.

Minni hlutinn leggur til, að frv. verði fellt.

Alþingi, 3. marz 1942.

Sigurjón Á. Ólafsson.